



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Meðal efnis í
Flórgoðanum:

- Stóra upplestrarkeppnin
- ABC barnahjálpar
- Umgengni
- Sameiginleg morgunstund
- Næsta skólaár
- Skólaferðir
- Árshátíð Áslandsskóla
- Samræmd próf
- Músiktilraunir
- Skólaakstur frá Völlum

JÁ – það er hægt !!!

Kæru nemendur / forráðamenn

Ljósið loftin fyllir,
og loftin verða blá.
Vorið tánum tyllir
tindana á.

Dagarnir lengjast,
og dimman flýr í sjó.
Bráðum syngur lóa
í brekku og mó.

Vikuna fyrir páska var uppskera menningardaga sýnd gestum og gangandi í Áslandsskóla. Mikið fjölmenni forráðamanna, aðstandenda og annars áhugafólks um skólann okkar sótti okkur heim þessa daga eins og síðustu ár.

Einstaklega var gaman að sjá glæsileg verk nemenda á sviði skólans, á veggjum, á göngum og í kennslustofum. Kaffihús nemenda í unglingsdeild laðaði til sín fjölda fólks og þjónustan þar afbragðsgóð að vanda.

Ég vil ítreka þær þakkir sem ég færði nemendum og starfsfólki á sameiginlegri morgunstund á dögnum hér: “Þið stóðuð ykkur frábærlega”. Til allra þeirra fjölmörgu sem heimsóttu okkur: “Takk fyrir þann heiður að fá ykkur í heimsókn og að sýna skólastarfinu jafn mikinn áhuga og raun ber vitni”.

Hluti þess ágóða sem safnaðist í kaffihúsi nemenda fer í vorferð 10. bekkjar sem verður að loknum samræmdum prófum í vor. Hluti fór líka til ABC barnahjálpar og er það ætlun okkar að árlega verði það starf sem barnahjálpin stendur fyrir styrkt að loknum menningardögum.

“Strákarnir okkar” í hljómsveitinni Jakobínarína sigruðu í Músiktilraunum Tónabæjar á dögnum. Sannarlega mikið afrek hjá þeim piltum.

Nóg er framundan í skólastarfinu hér í fjallinu. Tveir nemendur taka þátt í úrslitakeppni Stóru Upplestrarkeppninnar sem fram fer í Hafnarborg þriðjudaginn 12. apríl. Gaman að fylgjast með framgöngu okkar fólks þar.

Þá er árshátíð unglingsdeildar skólans miðvikudaginn 13. apríl. Þar verður snæddur góður matur, söngleikur frumsýndur og dansað fram eftir kveldi.

Námsmat fer að fara á fullt á vordögum. Símat í flestum árgöngum þar sem kunnátta og framgangur nemenda er könnuð með jöfnu millibili til vors, eins og áður á skólaárinu.

Vorkveðjur
Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri

www.aslandsskoli.is

ABC barnahjálp

Guðrún Margrét Pálsdóttir og Þórunn Helgadóttir fulltrúar ABC barnahjálpar heimsóttu okkur á sameiginlega morgunfund og veittu viðtöku 60.700.– krónum sem styrk frá nemendum skólans til heimilislausra á Indlandi.

Aurarnir voru hluti þess hagnaðar sem myndaðist af glæsilegum rekstri kaffihússins á menningardögum. Hluti ágóðans fer einnig í vorferð elstu nemenda skólans.

ABC hjálparstarf var stofnað árið 1988 sem íslenskt, samkirkjulegt hjálparstarf.

Tilgangurinn með stofnun þess var að veita nauðstöddum börnum varanlega hjálp og vera farvegur fyrir framlög gjafmildra Íslendinga sem skila sér óskert til umkomulausra barna í fátækari löndum.

ABC barnahjálp sér nú fyrir um 4500 börnum með hjálp íslenskra fósturforeldra, aðallega á Indlandi, Úganda og Filippseyjum. Um 3500 stuðningsaðilar styðja börn á vegum starfsins í dag. Aðeins einn aðili stendur að baki hverju barni.

Hjálpin sem veitt er felst aðallega í menntun barna sem annars ættu ekki kost á skólagöngu, en einnig er þeim séð fyrir læknishjálp, framfærslu og heimili þar sem þörf er á. Í mars 2004 var tekin ákvörðun um að breyta nafni starfsins í ABC barnahjálp sem lýsir enn betur starfsemi.

ABC barnahjálp er sjálfseignarstofnun og skilar endurskoðuðum ársreikningum til Ríkisendurskoðunar ár hvert.

Öll framlög til ABC renna óskipt til hjálpar munaðarlausum og þurfandi börnum nema þau sem sérstaklega eru gefin til rekstrar.

Stóra upplestrarkeppnin

Ástríður Rán Erlendsdóttir og Sigurður Stefán Ásmundsson nemendur í Ásheimum / 7.-JÓI verða fulltrúar Áslandsskóla í úrslitum Stóru Upplestrarkeppinnar í ár.

Lesið verður til úrslita í Hafnarborg þriðjudaginn 12. apríl kl. 17:30.

Nemendur munu lesa sögubrot og ljóð. Hluta textans fá þau Ástríður Rán og Sigurður Stefán úthlutað af skipuleggjendum keppinnar, hluta velja þau sjálf.

Þátttaka í keppninni er dýrmæt reynsla fyrir alla nemendur í árgangnum. Þannig hafa þau öll gengið í gegnum undankeppni hér í skólanum. Auk þess lásu 10 nemendur Ásheima til úrslita á sal skólans við hátíðlega athöfn.

Gaman væri að sjá sem flesta nemendur og forráðamenn á keppninni, ekki síst nemendur í 6. bekk sem geta þar með hafið undirbúning sinn fyrir keppnina að ári.

Gangi ykkur vel
Ástríður Rán og Sigurður Stefán.



Áhorfendur verða að muna að hafa gott hljóð þegar lesarar lesa.

Jakobínarína sigraði í Músiktilraunum


Áslenska hljómsveitin Jakobínarína hrósaði sigri í Músiktilraunum Tónabæjar og Hins Hússins sem fóru fram í Austurbæ fyrir páska.

Meðlimirnir eru í 9. og 10. bekk í Áslandsskóla og hafa þeir piltar starfað saman undir ýmsum nöfnum frá jólum 2003 en tóku upp nafnið Jakobínarína fyrir fjórum mánuðum.

Nafn hljómsveitarinnar hefur varkið athygli en það er sótt í mannkynssöguna. Jakobínar voru byltingarmenn í Frakklandi og svo bættu piltarnir við -rína í endann sem vísar í ána Rín.

Jakobínarína spilar skemmtilegt indí-rokk sem féll vel í kramið í Austurbæ.

Hjómsveitin var hyllt við athöfn í félagsmiðstöðinni fyrir páska og spilaði síðan við geysilega góðar undirtektir á sameiginlegri morgunstund í síðustu viku.



Ferð eftir samræmd próf hjá 10. bekk

Nú er í undirbúningi ferð fyrir nemendur í 10. bekk sama dag og samræmd próf klárast í vor.

Stefnt er að því að farið verði seinni part miðvikudagsins 18. maí og komið aftur í bæinn seinni part föstudagsins 20. maí.

Fulltrúar í foreldrafélagi skólans veltu málunum fyrir sér á fundi á dögnum en hugmyndin er að ferð þessi verði árlega samvinnuverkefni félagsins og skólayfirvalda.

Nánari upplýsingar um ferðina verða sendar út þegar skipulagið verður komið lengra.

Skólaferð á Laugarvatn hjá 7. bekk

Nú styttest í að nemendur í 7. bekk haldi á Laugarvatn í skólabúðir.

Þriðjudaginn 26. apríl verður lagt í hann og komið aftur föstudaginn 29. apríl.

Á Laugarvatni verður margvísleg dagskrá með skipulögðum hætti auk kvöldvöku og ýmissa atriða sem nemendur bera ábyrgð á.

Skráningarblað berst nemendum allra næstu daga og er mikilvægt að því sé skilað á réttum tíma svo skipulagningu verði lokið vel fyrir ferð.

Skólaferðir framundan

Í Jötunheimum, 9.-KJM, halda í ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal vikuna 25.-29. apríl næstkomandi.

Markmið búðanna er m.a. að:

- Efla sjálfstraust, samvinnu og tillitssemi
- Hvetja til sjálfstæðra vinnubragða
- Kynnast heimavistarlífi
- Fræðast um söguslóðir
- Fræðast um mikilvægi forvarna
- Kynna ábyrgð fjármála
- Fræðast um mikilvægi hollra lífnaðarháttá
- Kynnast jaðaríþróttum



Rétt er að geta þess að til þess að fara í ferðina þurfa nemendur að hafa stundað námið af kostgæfni og ástundun þarf að vera mjög góð. Að öðrum kosti sækja nemendur hefðbundið nám í Áslandsskóla meðan hinir fara í ferðina.

Nánari upplýsingar um kostnaði og ferðatilhögun mun berast nemendum á næstunni.

Skólaakstur frá Völlum

Skólaakstur frá Völlum hefur verið í umræðunni, aðallega vegna nemenda sem búa á og við Fífuvelli.

Umræðan var aðallega vegna óupplýsts göngustígs milli Fífuvalla og Burknavaða.

Þar sem sól hefur nú hækkað verulega á lofti hefur verið ákveðið að eftir sem áður muni nemendur ganga og skólabíll stoppar á sama stað og áður.

Skrifstofa skólans

Sigrún Lóa Sigurgeirsdóttir, skólaritar, hefur snúið til baka úr barnsburðarleyfi og bjóðum við hana hjartanlega velkomna aftur til starfa.

Dögg Ívarsdóttir sem starfað hefur í forföllum hennar mun verða Sigrúnu innan handar frá hádegi á degi hverjum út þetta skólaár.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
Aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÖÐINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

leifur@aslandsskoli.is